

Alþingi
Erindi nr. P 130/803
komudagur 21.1.2004
/80



IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

LANDSSAMBAND IÐN- OG STARFSNÁMSNEMA

STOFNAÐ 1944

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Menntamálanefnd

Reykjavík 15. janúar 2004

Efni: Frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna, 133. mál, 130 löggjafarþing.

Iðnnemasamband Íslands (INSÍ) vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn á máli þessu að ósk Menntanefndar.

INSÍ styður þessa tillögu og teljum við að löngu sé tímabært að setja á fót slíkan sjóð sem um ræðir. INSÍ telur nauðsynlegt að námsmenn finni stuðning og hvatningu í námi sínu á einn eða annan hátt. Slík hvatning myndi svo sannarlega aukast ef þessi tillaga nær fram að ganga.

INSÍ vill engu að síður koma með nokkrar athugasemdir við nánari útfærslu á málinu.

Við teljum ekki nógu vel skilgreint að umsækjendur geti verið af öllum stigum framhaldsnáms, hvort heldur í framhaldsskóla- eða háskólastigi.


Við teljum einnig nauðsynlegt að allar námsmannahreyfingarnar 4 fái 1 mann í nefndinni en ekki að etja þessum sterku samtökum saman með því að þær skipti með sér 2 mönnum. Þessar námsmanna hreyfingar skipta með sér mjög ólíkum verkviðum og er því óhætt að segja að hagsmunum allra nema sé ekki nógu vel gætt þurfi hreyfingarnar að skipta með sér 2 sætum.

Að auki teljum við að skipunartími sé of langur, allar námsmannahreyfingarnar skipta um stjórn á ársgrundvelli.

Þrátt fyrir að tillaga um styrktarsjóðinn sé góð þá teljum við að sú upphæð sem færi í þennan sjóð myndi nýtast betur ef hún færi í að styrkja núverandi kerfi t.d. að efla skóla svo hægt sé að lækka skólagjöld til allra nema. Hækka jöfnunarstyrk og eða jafnvel að tryggja nemendur í framhaldsnámi.

Það er okkar einlæg ósk að tillaga þessi nái fram að ganga, það yrði svo sannarlega rós í hnappagat hins íslenska menntakerfis.

Fyrir hönd Iðnnemasambands Íslands


Jónína Brynjólfsdóttir
Frankvæmastjóri